

**Greinargerð um fornleifar á fyrirhugðum deiliskipulagsreitum í
Húsadal, Langadal og Slyppugili, í Þórsmörk, og í Básun á
Goðalandi.**



Guðrún Alda Gísladóttir og Oddgeir Hansson

Fornleifastofnun Íslands

Ágúst 2005

FS297-05081





Inngangur

Fyrirhuguð er gerð deiliskipulags fyrir Húsadal, Langadal og Slyppugil í Þórsmörk, og Bása á Goðalandi. Í júní 2005 fór Oddur Hermannsson landslagsarkitekt hjá Landform ehf. á Selfossi, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands, fyrir hönd Eystri-Rangárbyggðar og ferðafélaganna sem eru með starfsemi á þessum svæðum, að hún gerði fornleifakönnun vegna hins fyrirhugaða deiliskipulags. Vettvangskönnun var gerð dagana 27-28. júní af Guðrúnu Öldu Gísladóttur fornleifafræðingi og Oddgeiri Hanssyni.

Fyrri athuganir

Sumarið 1906 ferðaðist Brynjúlfur Jónsson fornfræðingur um Þórsmörk og lýsir hann þeim mannvistarleifum sem á vegi hans urðu í Árbók fornleifafélagsins árið 1907.¹ Allöngu seinna eða á árunum 1980-1982 gerði Guðrún Sveinbjarnardóttir síðan fornleifakönnun á svæðinu sem sagt er frá í Árbók fornleifafélagsins árið 1982.²

Fornleifastofnun gerði síðan svæðisskráningu sem er fornleifakönnun unnin upp úr ritheimildum, árið 1995 fyrir Goðaland, þar sem skráðir voru 13 minjastaðir³ og árið 1996 fyrir Þórsmörk þar sem skráðir voru 22 minjastaðir⁴. Auk þess hefur Þórður Tómasson forstöðumaður minjasafnsins í Skógum, ritað talsvert um minjar á þessum svæðum⁵.

Aðferðir

Við undirbúning voru fyrirliggjandi heimildir og skráning athuguð, auk þess sem loftmyndir voru skoðaðar. Farið var á vettvang og ofangreind svæði könnuð. Gengið var skipulega um svæðin og leitað sýnilegra ummerkja um fornleifar.

Rannsóknarsvæði

Ekki hefur verið ákveðið að svo stöddu hvort eða hvar mun koma til framkvæmda á þeim svæðum sem fornleifakönnunin náði til, fyrir utan að þessa dagana er verið að leggja hitaveitu

¹ Brynjúlfur Jónsson: „Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1907*, bls.16-22

² Guðrún Sveinbjarnardóttir: „Byggðaleifar á Þórsmörk.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1982*. bls. 20-61

³ Orri Vésteinnsson og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifar í Rangárvallasýslu I. Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúparhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit*. Reykjavík, 1999.

⁴ Guðrún Sveinbjarnardóttir og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifar í Rangárvallasýslu II. Svæðisskráning fornleifa í Eyjafjallahreppi og Landeyjum (2. hefti. Fornleifar undir Eyjafjöllum)* Reykjavík 2000.

⁵ Þórður Tómasson: *Þórsmörk. Land og saga*. Reykjavík 1996.

frá borholu innarlega í Húsadal. Því teljast þær fornleifar sem skráðar voru innan svæðanna í hættu, þar til annað kemur í ljós.

Húsadalur

Reiturinn sem kannaður var í Húsadal er alls um 20 ha að stærð og nær yfir það svæði sem nú þegar hefur verið byggt, áraurana þar norður af, og til austurs inn í dalbotn. Húsadalur liggur austur-vestur og brattar brekkur eru beggja vegna hans en þó undirlendi talsvert. Er dalurinn að mestu skógi vaxinn.

Langidalur

Kannað var um 13 ha. svæði í Langadal. Það nær yfir flatirnar sem núverandi byggingar í dalnum standa á og eftir mjórri ræmu inn í dalbotn. Lækur rennur til suðurs eftir dalbotninum og er grasi vaxið undirlendi í næsta nágrenni hans en skógi vaxnar hlíðar taka við eftir það.

Slyppugil

Svæðið sem hér er um að ræða er um 10 ha. að stærð, nær yfir fremsta hluta Slyppugils og þar austur frá meðfram Krossá að svonefndum Stórendahrygg. Þarna á milli skiptast á djúp gil og háir hryggir og er svæðið breiðast þar sem það liggur yfir gilin en mjókkar þar sem það liggur yfir hryggina sem skilja þau að. Gilin eru skógi vaxin að mestu og lítið um undirlendi.

Básar á Goðalandi


Svæðið er um 15 ha stórt. Útivistarskálar standa fremst í Básum. Framan við þá eru áreyrar og hefur lækur sem rennur úr Strákagili, sem er nokkru austan við skráningarsvæðið, nokkrum sinnum flætt yfir eyrarnar og skilið eftir sig djúpa farvegi. Varnargarði var ýtt upp í austasta hluta skráningarsvæðisins snemma á 9. áratugnum til að varnar þessum flóðum. Í Básum er undirlendi lítið og brattar brekkurnar vaxnar þéttum birkiskógi, lækur rennur eftir miðjum dalnum/gilinu og þverlækir í þann læk og mynda básana í landslaginu.

Niðurstöður

Eftir rækilega athugun á ritheimildum og á vettvangi hefur komið í ljós að einungis þrjá minjastaði er að finna innan deiliskipulagsreitanna sem kannaðir voru.

Húsadalur

Einn minjastaður var skráður innan þess svæðis sem kannað var í Húsadal, húsarústir (RA-615:005) innst í dalnum. Var fyrirfram vitað um staðsetningu þeirra og fjalla Brynjúlfur Jónsson og Guðrún Sveinbjarnardóttir bæði um þær í skrifum sínum (sjá ofar). Guðrún mældi og teiknaði rústirnar upp á sínum tíma og stendur sú teikning enn fyrir sínu, utan þess að örlitlu hefur nú verið bætt við rústirnar að sunnanverðu. Eins og áður



RA-615:005. Tóftir í Húsadal. Toftir 1-4 eru teiknaðar af Guðrúnu Sveinbjarnardóttur. Tóft 5: Teiknuð við fornleifakönnun 2005 - Mynd 1.1

sagði þá teljast allar þær mannvistarleifar sem eru innan deiliskipulagsreitanna í hættu þar til skýrari mynd er fengin af staðsetningu þeirra mannvirkja sem mögulega verða byggð þar í framtíðinni. Þó verður að teljast ólíklegt að rústunum í Húsadal verði raskað þar sem þær hafa verið þekktar um langa hríð og eru talsvert áberandi. Þótt ekki hafi fleiri fornleifar fundist í Húsadal er ekki loku fyrir það skotið að fleiri minjar geti leynst þar þótt ekki séu þær sjáanlegar á yfirborði, einkum á flatlendi. Litlar líkur eru aftur



RA-615:005. Tóftir í Húsadal. Horft til Suðausturs - Mynd 1.2

á móti taldar á að fornleifar sé að finna í hinum skógivöxnu hlíðum dalsins.

Langidalur

Einn minjastaður er skráður.

í utarlega í vestanverðum Langadal, svonefnt Múlaból (**RA-615:013**), sem er hellisskúti hátt uppi í suðausturhlíð Valahnúks. Eins er um bólið og rústirnar í Húsadal að þær teljast í hættu þar sem þær eru innan deiliskipulagsreitsins í Langadal. Þó verður að teljast ólíklegt að hættan sé raunveruleg þar sem bólið er staðsett hátt í brattri



Útsýn úr Múlabóli til suðausturs - Mynd 1.3

brekku og því afar litlar líkur á því að það gæti lent í uppnámi vegna framkvæmda.

Ein gömul leið er skráð, sem liggur á milli Langadals og Húsadals (**RA-615:014**). Var hún á svipuðum slóðum og göngustígurinn á milli dalanna liggur nú. Ekki sjást ummerki um gamla troðninga meðfram göngustígnum og líklegt að hafi þeir einhvern tíma verið þarna þá séu þeir löngu horfnir, líklega vegna framkvæmda við göngustíginn sem er vel við haldið.

Ekki eru taldar miklar líkur á að fleiri fornleifar leynist í Langadal þar sem flatlendi er af skornum skammti og hlíðarnar yfirleitt skógi vaxnar og brattar.

Slyppugil

Engar fornleifar fundust í Slyppugili og á svæðinu austur að Stórendahrygg. Gilin á þessu svæði eru þröng, undirlendi lítið, hlíðarnar snarbrattar og skógi vaxnar og því litlar líkur á að fornleifar sé að finna á svæðinu.

Básar á Goðalandi

Engar fornleifar fundust innan svæðisins enda undirlendi lítið og brattar brekkurnar vaxnar þéttum birkiskógi. Þó verður að hafa í huga að fornleifar geta leynst undir sverði eða inni skóginum komi til framkvæmda á svæðinu.

Fornleifaskrá

RA-615 Þórsmörk

Milli Krossár og Þröngár. Þórsmörk var áður afreitur Fljótshlíðinga. Þar áttu beitarítak 36 jarðir í Fljótshlíð að hálfu en Oddakirkja að hálfu - (GR I, 212). (máld Oddakirkju aq 1385). Nú í umsjá Skógræktar ríkisins - (GR I, 212) Þórsmörk milli Krossár og Markarfljóts tilheyrir Eyjafjallahreppi. (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 80)

RA-615:005 *Húsadalur* bæjarstæði býli Isnet E473864 N354316 63°41.534N 19°31.695V
1709: "Húsadalur heitir annað örnefni skamt frá Þuríðarstöðum. Þar halda og menn til forna hafi bygð verið, jafvel mikil, af girðingum, sem enn nú til sjest. Er og óbyggilegt sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Þetta pláts er og brúkað fyrir aftrjett úr Fljótshlíð." BJ: "Ekki er von að forn rúst sjáist þar, Sæmundur mun hafa sett sinn bæ í hana ..." Rústir bæjar frá 1802 eru innst í Húsadal.

Birki og víðir vex nú á hluta rústanna og á túnstæðinu. Tóftirnar virðast vel varðveittar undir skógargróðri og mosapembu. Bæjarstæðið er skjólgott þar sem það liggur í dalbotninum með brattar skógi vaxnar hlíðar allt um kring nema þar sem dalurinn opnast til vesturs.

Skv. JÁM I, 102 var byggð í Húsadal til forna og mátti þá enn [1709] sjá garða marga. Staðurinn var þó talinn óbyggilegur sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Leifar þessara mannvirkja sjást ekki lengur og telur Guðrún Sveinbjarnardóttir sem rannsakaði staðinn 1980 að bærinn frá 1802 hafi verið byggður ofan í þau. Magnús Árnason og Sæmundur Ögmundarson settu þarna bú 1802 en það entist aðeins árið og var ástæða þess rakin til myrkfælni og draugagangs. Nýbýlalöggjöfin frá 1776 mun hafa orðið þeim Magnúsi og Sæmundi hvatning. Rústirnar sem nú sjást eru þessar: " 1. Ferhyrnt langhús með inngangi á miðri vesturhlíðinni ... Lengd 9.0 m, breidd 4.0 m, hæð 0.95 m, veggjaþykkt 1m. Veggir voru heillegir, grjót- og torfhlaðnir. Í norðvesturhorni tóftarinnar var pallur, 1.4 x 1.4 m að umfangi. Bogadregnir veggir vestur af innganginum mynda þar nokkurs konar forgarð, 3,5 m að breidd. 2. Við austurhlíð tóftarinnar er niðurgrafið svæði. Lengd 9.0 m, breidd 6.0 m. Svæði þetta, sem er e.t.v. einhvers konar rétt, er markað hlöðnum vegg að austan, sem heldur áfram til suðurs og myndar einnig austurvegg tveggja smátófta (3 og 4), sem þar eru. 3. Næst 1 er ferhyrnt smátóft ... Lengd 3.5 m, breidd 4.5 m, veggjaþykkt 0.8-1.7 m, hæð 0.45-1.0 m. Ekkert grjót er nú að sjá í veggjum, og enginn inngangur er sjáanlegur. Tvær allháar birkihríslur vaxa nú inni í tóftinni. 4. Beint suður af 3 er önnur ferhyrnt tóft með útskoti til austurs. Inngangur er á vesturlanghlíðinni ... Lengd 5.5 m, breidd 2,5 m, innanmál útskots 1.2 x 1.2 m. Grjót sést í veggjum." Túnið hefur verið norður af bæjarstæðinu og er þar enn svolítið opið svæði í skóginum." (Guðrún Sveinbjarnardóttir. Árb 1982, 52-53). Við fornleifakönnun í júní 2005 fannst ein tóft til viðbótar líklegri tóft suðvestan við rúst 4, fast suðvestan göngustígs sem liggur upp úr Húsadal og yfir í Langadal [sjá fornleif 014]. Sú rúst fær hér númerið 5. Hún liggur frá norðvestri til suðausturs, eins og rúst 3 og 4. Rúst 5 nær yfir alls 6 x 11 metra stórt svæði en innan þess er mikið þúfnahlaup (5 x 3 metrar) norðvestan til. Tóftin er einhólfa, svo til L - laga og er sa. 1 x 5 metrar að innanmáli. Norðausturveggur er þykkastur (veggur næst göngustíg) eða um 3 metrar en suðvesturveggur er u.þ.b. 2 metra breiður. Hæð u.þ.b. 0,8 metrar. Op eru til suðausturs og suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM I, 102; ÁFÍ 1972, 107-109; GS: "Byggðaleifar á Þórsörk" Árbók 1982, 51-53; BJ: Rannsókn á Þórsörk" Árbók 1907, 18

RA-615:013 *Múlaból* hellir áfangastaður 48 Isnet E474453 N353527 63°41.112N 19°30.973V
"Fremst í honum [Langadal]. Fremst í honum vestan til, er hellir, sem heitir Múlaból, og í honum miðjum hruninn hellir, sem kallast Skuggi," segir í örnefnalýsingu. Oddgeir í Tungu segir þetta vera í miðjum Langadal Í bók Þórðar Tómassonar, Þórsörk, segir: "Innan skamms tekur við suðausturhlíð Valahnúks í mynni Langadals, gróðurælar brekkur í nábyli kletta og hamra. Framundan hið efra er Langadalsmúli, oftast nefndur Múli. Í honum, í hvilft efst í brekku, er Múlaból." Múlaból er um 167 metra í VNV frá Skagfjörðsskála í Langadal.

Múlaból er skúti með op í suðaustur. Bólið er hátt í brattri hlíð og er mikill gróður fyrir munna hans. Múlaból er áberandi í umhverfinu.

Ennfremur segir Þórður: "Þroskamikil heimula vex utan við bólið. Fræ hennar hefur borist þangað í sauðarull eða með föggum fjallmanna á fyrri tíð. Ristur í bergi helga bólið sögu þjóðarinnar. Engu er líkara en móti fyrir garðhleðslu neðan við bólið, en ókönnuð er hún." Skútinn er um 20 metra breiður og 10 metra djúpur. Hann er sa. 6 metra há en lækkar til endanna. Gólfið fylgir hlíðinni og er fremur bratt. Ekki sást til hleðslna ef einhverjar eru vegna mikils gróðurs (heimulu) í hellismunnanum. Ristur eru víða í skútanum en flestar hinna dýpri og mest áberandi eru nýlegar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Afréttarlönd BK, 3; Þórður Tómasson. Þórsörk, 95

RA-615:014 heimild um leið 49 Isnet E4744377 N354016 63°41.375N 19°31.070V
"Úr Langadal liggja götur norður yfir lágan háls og í Húsadal," segir í örnefnalýsingu. Enn er genginn sami stígur á milli dalanna og er hann markaður.

Til beggja handa er birkiskógur meðfram stígnum en blásinn melur þar sem hálsinn er hæstur á milli dalanna. Stígurinn er mikið genginn og talsvert niðurgrafin á köflum, t.d. við rústir í Húsadal [005]. Stígnum er haldið við og hefur jarðvegsdúkur verið settur í hann víða og upp úr Húsadal sunnanverðum hafa verið byggðar tröppur

og þallar til að auðvelda fólki gönguna enda hlíðin talsvert brött. Leiðin er rúmlega 2 km löng frá skálanum í Húsadal og að Skagfjörðsskála í Langadal.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Afréttarlönd BK, 3



Heimildir

Árbók Ferðafélags Íslands 1972. 107-109, Reykjavík 1972.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók I. Vestmannaeyja og Rangárvallasýsla*. Kaupmannahöfn 1913-1917.

Brynjúlfur Jónsson: „Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1907*, bls.16-22.


Guðrún Sveinbjarnardóttir: “Byggðaleifar á Þórsmörk.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1982*, bls. 20-61.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. *Dagbók*. Þjóðminjasafn Íslands.

Guðrún Sveinbjarnardóttir og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifar í Rangárvallasýslu II. Svæðisskráning fornleifa í Eyjafjallahreppi og Landeyjum (2. hefti. Fornleifar undir Eyjafjöllum)* Reykjavík 2000.

Orrí Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifar í Rangárvallasýslu I. Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúpárhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit*. Reykjavík, 1999.

Þórður Tómasson: *Þórsmörk. Land og saga*. Reykjavík 1996.



ÞÓRSMÖRK - yfirlitsmynd er sýnir skrað fornleifasvæði og 2 skraðar fornleifar

mælikvarði Teikki í kvarða teikn. dags. 02. ágúst 2005



Landfokun ehf. • 800 Safnóks • 482 2006 fvx • 482 3542 • landfokum@landfokum.is

Mynd 1.4